



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. febrúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum, 294. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er lagt til að stimpilgjöld vegna kaupa einstaklinga á íbúðarhúsnæði til eigin nota verði afnumin.

Samtök atvinnulífsins hafa um langt skeið talað fyrir afnámi stimpilgjalda sem skerða samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, því slík gjöld hafa verið lögð af í helstu viðskiptalöndum Íslands. Stimpilgjald leggst einkum á einstaklinga við fasteignakaup, þó ekki vegna kaupa á húsnæði í fyrsta sinn. Þar sem skatturinn veitir rétt til vaxtabóta er hann að hluta til endurgreiddur einstaklingum ári eftir að hann er innheimtur. Almenn þekkist ekki á Norðurlöndunum að lagt sé á stimpilgjald í annað sinn í tengslum við endurfjármögnun lána.

Stimpilgjöld eru handahófskenndur skattur. Þau fyrirtæki sem hafa til þess leiðir víkja sér að mestu undan því að greiða skattinn á meðan önnur fyrirtæki komast ekki hjá því að greiða hann. Tekjur ríkisins af stimpilgjöldum árið 2012 voru áætlaðar 3,6 ma.kr. og 4,1 ma.kr. á árinu 2013. Samkvæmt lauslegri athugun fjármálaráðuneytis má ætla að um helmingur tekna af stimpilgjöldum tengist fasteignaviðskiptum.

Samtök atvinnulífsins leggja til að stimpilgjöld verði afnumin í áföngum á þremur árum. Í fyrsta áfanga verði afnumin stimpilgjöld við endurfjármögnun lána, óháð því hvort um sé að ræða lán vegna íbúðarkaupa eða atvinnurekstrar, og á útgáfu hlutabréfa. Síðan yrðu felld niður stimpilgjöld af öllum viðskiptum tengdum íbúðarhúsnæði og að lokum yrðu önnur stimpilgjöld felld niður. Í stað stimpilgjalda komi notendagjald til þess að standa straum af kostnaði við skjalaskráningu og varðveislu í tengslum við fasteignaviðskipti.

Sé ekki vilji til að lögfesta nú framangreinda áfanga um afnám stimpilgjalda með gildistöku á næstu þremur árum, þá leggja samtökin áherslu á að til viðbótar ákvæðum frumvarpsins komi ákvæði um að afnema stimpilgjöld við endurfjármögnun lána vegna atvinnurekstrar og á útgáfu hlutabréfa.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins